

## Hóplíftrygging Félags Lykilmanna (FLM)

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

#### Hugtaka- og orðaskilgreiningar:

**Vátryggjandi:** Merkir Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.

**Vátryggingartaki:** Sá sem gerir hópvátryggingarsamning við vátryggjanda.

**Hópur:** Félagsmenn vátryggingartaka sem tilgreindir eru í hópvátryggingarsamningi og uppfylla skilyrði um að geta fallið undir vátrygginguna.

**Vátryggður:** Félagsmenn í Félagi lykilmanna (FLM) sem hafa verið að fullu vinnufærir í a.m.k. 3 mánuði.

**Vátryggingaratburður:** Atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

**Vátryggingarskírteini:** Staðfesting félagsins á því að vátryggingarsamningur hafi verið gerður.

**Réttthafi:** Sá sem á rétt á bótum úr vátryggingu þessari.

**Endurnýjunardagur:** Fyrsti dagur endurnýjunartímabils

## Efnisyfirlit

---

1. gr.	Upphaf ábyrgðar félagsins .....	3
2. gr.	Aldursmörk og gildistími .....	3
3. gr.	Heilsufar fyrir vátryggingartöku.....	3
4. gr.	Svik og rangar upplýsingar .....	3
5. gr.	Endurnýjun og uppsögn .....	3
6. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu .....	3
7. gr.	Gildissvið – Takmarkanir á ábyrgð félagsins .....	4
8. gr.	Lok vátryggingar gagnvart þátttakanda í hópi .....	4
9. gr.	Framhaldstrygging.....	4
10. gr.	Yfirráðaréttur .....	4
11. gr.	Líftryggingarfjárhæðir .....	4
12. gr.	Bótageiðslur .....	4
13. gr.	Rétthafi bóta.....	4
14. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - Upplýsingar við uppgjör bóta.....	5
15. gr.	Fyrning .....	5
16. gr.	Breytingar á skilmálum og iðgjaldi.....	5
17. gr.	Ágreiningur .....	5
18. gr.	Varnarþing.....	5
19. gr.	Vernd persónuupplýsinga.....	5

**1. gr. Upphaf ábyrgðar félagsins**

Einstaklingur verður váttryggður samkvæmt þessari váttryggingu kl. 00:00 daginn eftir að hann ritar undir skriflega inngöngubeiðni/upplýst samþykki um inngöngu í Félag lykilmanna og fer á félagaskrá þess.

**2. gr. Aldursmörk og gildistími**

Váttryggingin fellur úr gildi í lok þess váttryggingarárs er váttryggður nær 65 ára aldri. Váttryggingin tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára miðað við afmælisdag. Hámarksaldur við inngöngu í trygginguna er 64 ára aldur.

**3. gr. Heilsufar fyrir váttryggingartöku.**

Váttrygging þessi undanskilur andlát af völdum atvika eða sjúkdómsástands sem hinum váttryggða var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um og til voru komin áður en hann gekk inn í váttryggingarsamninginn með félagsaðild að Félagi lykilmanna. Hið sama á við um á breytingu á heilsufari váttryggðs er kann að verða á tímabili þar sem þessi váttrygging er ekki í gildi.

**4. gr. Svik og rangar upplýsingar**

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber váttryggjandi ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

**5. gr. Endurnýjun og uppsögn**

Váttryggingin endurnýjast árlega hafi váttryggingartaki eða váttryggjandi ekki sagt samningi um hóplíftrygginguna upp með mánaðar fyrirvara miðað við endurnýjunardag.

Falli samningur um hóplíftrygginguna úr gildi, skal þátttakendum í hópnum tilkynnt það skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti.

**6. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu****Iðgjald váttryggingartaka**

Iðgjald ræðst af gildandi iðgjaldaskrá félagsins fyrir váttryggingu þessa á hverjum tíma. Váttryggingartaki sér um greiðslu á iðgjaldi félagsmanna í Félagi lykilmanna með mánaðarlegum skilagreinum til félagsins. Mánaðarlegar skilagreinar berast félaginu eigi síðar en 10. hvers mánaðar, ásamt iðgjaldsgreiðslu.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar jafngildir kröfu um greiðslu. Breyting á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

**Iðgjald váttryggðs**

Váttryggður skal greiða tiltekið iðgjald af launum sínum til váttryggingartaka. Greiði hinn váttryggði ekki iðgjöld sín í 60 daga samfleytt skal váttryggingartaki senda hinum váttryggða skriflega áskorun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjaldið ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur ábyrgð félagsins niður sbr. 96. og 131. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Hafi vinnuveitandi váttryggðs félagsmanns sannanlega haldið iðgjaldi eftir af launum hans án þess að standa skil á þeim til váttryggingartaka heldur félagsmaður réttindum sínum á meðan innheimtuaðgerðir standa yfir. Váttryggingartaka er heimilt að tilkynna félagsmönnum skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti um niðurfellingu ábyrgðar félagsins vegna vanskila vinnuveitanda að liðnum 60 dögum frá því að innheimtuaðgerðir hófust.

Félagsmönnum í Félagi lykilmanna skal tilkynnt skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti um niðurfellingu ábyrgðar félagsins vegna vanskila. Váttryggingaverndin gildir gagnvart einstökum félagsmönnum í einn mánuð frá því að slík tilkynning var send.

**Uppgjör ef samningi er slitið á vátryggingartímabilinu**

Ef vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á vátryggjandi rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi.

**7. gr. Gildissvið – Takmarkanir á ábyrgð félagsins**

Við andlát einstakra þátttakenda greiðir vátryggjandi þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi er á andlátsdegi samkvæmt skilmálum þessum og samningi milli vátryggingartaka og félagsins.

Skilyrði fyrir greiðslu dánarbóta er að á liðnum 12 mánuðum fyrir andlát vátryggðs félagsmanns hafi heildariðgjöld hins látna til vátryggingartaka (FLM) numið a.m.k. kr. 12.000.

Hafi þátttakandi í hópnum svipt sig lífi og líftrygging hans eigi verið óslitið í gildi, að minnsta kosti síðustu 12 mánuði, er vátryggjandi laus úr ábyrgð.

**8. gr. Lok vátryggingar gagnvart þátttakanda í hópi**

Vátryggingin fellur niður 14 dögum eftir að vátryggingartaka berst úrsögn vátryggðs úr FLM.

Að öðru leyti fer um lok ábyrgðar félagsins gagnvart þátttakendum í hópnum samkvæmt því sem fram kemur í samningi um vátrygginguna, sbr. XIX. kafla laga nr. 30/2004.

**9. gr. Framhaldstrygging**

Vátrygging þessi veitir ekki rétt til framhaldstryggingar af neinu tagi. Vátrygging þessi tekur þó til andláts vátryggðs í allt að 12 mánuði frá lokum hennar enda eigi andlátið sér stað vegna atvika eða sjúkdómsástands sem urðu á vátryggingatímanum.

**10. gr. Yfirráðaréttur**

Óheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti réttindum sem hóplíftrygging þessi veitir. Falli líftryggingin úr gildi af öðrum orsökum en dauða er verðmæti hennar ekkert.

**11. gr. Líftryggingarfjárhæðir**

Líftryggingarfjárhæðir eru tilgreindar í dánarbótatöflu sem opinber er félagsmönnum í Félagi lykilmanna. Líftryggingarfjárhæð vegna hvers vátryggðs félagsmanns endurreiknast árlega miðað við áramót vegna næsta almanaksárs og miðast hún við aldur á komandi almanaksári og meðallaun skv. innborguðu iðgjaldi á liðnu almanaksári, sbr. gildandi dánarbótatöflu. Þrátt fyrir það miðast líftryggingarfjárhæð við inngöngu sem og á því almanaksári sem félagsmaður hóf félagsaðild við inngreidd iðgjöld hlutfallslega reiknuð á því almanaksári sem félagsaðild hófst.

**12. gr. Bótagreiðslur**

Tilkynna skal félaginu um andlát þátttakanda í hópi án ástæðulausrar tafar.

Vátryggingarfjárhæðin fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að réttthafar hafa lagt fram nauðsynleg sönnunargögn fyrir greiðsluskyldu félagsins og rétti sínum.

Vátryggjandi áskilur sér rétt til að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

**13. gr. Réttthafi bóta**

Um rétt til greiðslu líftryggingarfjárhæðarinnar fer samkvæmt reglum XV. kafla laga nr. 30/2004 nema vátryggingartaki hafi sérstaklega samið um annað, sbr. 136. gr. laga nr. 30/2004. Það þýðir að líftryggingarfjárhæðin rennur til maka vátryggðs. Láti líftryggður ekki eftir sig maka fellur líftryggingarfjárhæðin til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Hafi hinn látni verið í sambúð skal sambúðaraðili eiga rétt til bóta eins og um hjúskap væri að ræða, enda hafi sambúðaraðili sannanlega haldið heimili með hinum látna um árabíl, þó eigi skemur en tveimur árum fyrir andlát hans.

**14. gr. Brot á upplýsingaskyldu - Upplýsingar við uppgjör bóta**

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur vátryggjandi sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

**15. gr. Fyrning**

Krafa um greiðslu líftryggingarfjárhæðar fyrnist á 10 árum, að öðru leyti fyrnast bætur samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

**16. gr. Breytingar á skilmálum og iðgjaldi.**

Vátryggjandi áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar á vátryggingartímanum, sbr. 133. gr laga nr. 30/2004.

**17. gr. Ágreiningur**

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

**18. gr. Varnarþing**

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**19. gr. Vernd persónuupplýsinga**

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að vátryggjandi leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Vátryggjandi notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna vátryggingar þessarar aðeins við mat á vátryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á vátryggingavernd og veita vátryggingartaka ráðgjöf um val á vátryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til vátryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Vátryggjandi leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2012**

[Efst á skjal](#)